

1065. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 20. júní 2011 kl. 18:00 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benóný V. Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson og Sigurður Sigfússon.

Dagskrá:

1. Staða kjarasamnings við SA

Formaður boðaði til stjórnarfundar með skömmum fyrirvara eftir fund í samninganefnd ASÍ. Ekki liggur fyrir hvort SA ætli sér að segja samningum lausum eða bíða átektu fram að endurskoðun 1. febrúar 2012.

Formaður lagði til við stjórn að VR héldi sig við gerða samninga og myndi endurskoða forsendur samningsins þegar meiri reynsla er komin á hann og frekari yfirsýn komin á þróun efnahagsmála í byrjun næsta árs.

Mikilvægt er að samningsaðilar standi við sinn hluta samkomulagsins og eins er mikilvægt að ríkisstjórn Íslands standi við þau loforð sem fólust í yfirlýsingu hennar frá kvöldi 5. maí síðastliðins. Lagði formaður fram skjal sem sýnir yfirlit yfir þau mál sem ríkisstjórnin hét að koma að eða keyra í gegn á komandi mánuðum. Þar er farið yfir stöðu hvers verkefnis fyrir sig. Skjalið var afhent formanni á fundi samninganefndar ASÍ en það var unnið af hálfu stjórnvalda.

Umræður

Bar formaður tillöguna undir fundarmenn og var hún samþykkt með tíu atkvæðum, einn sat hjá.

Annað ekki rætt. Fundi slitið kl. 18:50

Stefán Einar Stefánsson ritaði fundargerð.